

1875

80
27da
októbr.

gegn því, fyrr en háíð er að láta óvilhalla menn meta það. Það hlýtur þess vegna einnig að vera skylda bæjarstjórnarinnar eða byggingarnefndarinnar, þegar hún samkvæmt opnu brjeði 29. maí 1839 § 2 A beiðist samþykkis amtmannsins til þvílíks endurgjalds fyrir lóðarnám, að skýra frá, hvort hlutaðeigandi sje áncægður með endurgjald það, sem upp á er stungið, eða ef eigi er svo, hvort það þá sje tiltekið með mati óvilhallra manna.

Af skýringum þeim, sem fram eru komnar í málinu sjest nú, að byggingarnefndin hinn 7. marz þ. á. hefur mælt út þá lóðarskika, sem eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar átti að láta af hendi til að breiðka Austurstræti, en samt ekki metið verð þeirra, að byggingarnefndin hefur beiðzt tveggja dómkvaddra manna, til að meta undir samþykki byggingarnefndarinnar endurgjald það, er lóðaeigöndum bæri fyrir lóðamissirinn; að bæjarþingsdómurinn 11. marz þ. á. hefur til þess kvatt 2 óvilhalla menn, að þeir 16. marz hafa framkvæmt matið, að það 17. s.m. hefur verið lagt fram fyrir byggingarnefndina, og af henni samþykkt, að því er snertir flesta lóðaeigendur, en að kærands leyti sett niður úr 58 a. í 50 aura fyrir hverja □ alin, og að bæjarstjórnin 27. s. m. hefur fallist á þessa ákvörðun byggingarnefndarinnar; aptur sjest það ekki af fyrirliggjandi skýringum, hvort hlutaðeigandi lóðaeigendur hafi verið látnir vita af nefndu mati, eða hvort þeim hafi verið gefið tækifæri til að láta álit sitt í ljósi um endurgjald það, sem matsmenn höfðu tiltekið. og byggingarnefndin síðan sett niður, og eigi heldur, hvort amtmaður hefði fengið vitneskju um þessar kringum stæður, þegar hann 3. apr. samþykkti tillögur bæjarstjórnarinnar eða byggingarnefndarinnar um upphæð endurgjaldsins.

Þar sem byggingarnefndin eða bæjarstjórnin þannig ekki sjálf hefur metið endurgjaldið, heldur látið óvilhalla dómkvadda menn meta það, leiðir það bæði af edli hlutarins, af lagaákvörðunum þeim, er almennt gilda um matsgjörðir, og af 20. gr. samþykktarinnar, að þær ekki hafa verið bærar um upp á sitt eindæmi að breyta því, sem ofan á varð við matsgjörðina, eins og eigi heldur verður gjört ráð fyrir, að amtið hefði samþykkt slíka gjörræðisbreytingu á matsgjörðinni, ef það hefði vitað, að hún hefði átt sjer stað, þegar það veitti samþykkið 3. apríl þ. á.

Samkvæmt framansögðu er nýnefndur amtsúrskurður af 3. apríl þ. á. hjer með úr gildi felldur, og verður eptir þessu endurgjald það, sem til var tekið með matsgjörðinni 16. marz þ. á. fyrir hjer um rædda lóðarsneið, 58 aurar fyrir □ alin, að greiða kæranda úr bæjarsjóði, að því leyti hvorugur málspartanna notar kost þann, sem þeim eptir edli hlutarins og 20. gr. samþykktarinnar er heimilt, að leggja hina umtöluðu lóðarsneið undir yfirmat.

81
28da
oktbr.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Hinn 14. þ. m. hafið þjer herra amtmaður sent mjer með þóknanlegum ummælum yðar erindi yfirdómara Magnúsar Stephsens með fylgiskjölum, þar sem hann fyrir hönd hreppstjóra Sigurðar Ísleifssonar á Barkarstöðum áfrýar úrskurði yðar frá 7. maí þ. á. um kostnaðarreikning sýslumannsins í Rangárvallasýslu, í máli viðvíkjandi rekatrje, er dæmt var haustið 1873 milli nefnds hreppstjóra, sem aðalsækjanda og prestsins sjera Bjarnar Þorvaldssonar í Holti, sem gagnsækjanda, en hann er síðar dáinn.

Meðal reikningsatriða þeirra, er samþykkt eru með nefndum amtsúrskurði, hefur kærandi mótmælt þeim, sem leiða af því, að meðdómsmenn hafa verið skipaðir í málinu, og að áreiðargjörð hafi farið fram. Telur hann sjer óviðkomandi gjöld þau, sem snerta þessi atriði og nema alls 7 rd. 72 sk. eða 15 kr. 50 aura, með því að málskostnaður hafi samkvæmt hinum uppkveðna dómi fallið niður, en þessi gjöld sjeu sprottin af gagnsókn þeirri,

er höfðuð hefur verið í málinu. Herra amtmaðurinn hefur athugað þar við, að nauðsynlegt sje að byggja að öllu leyti á aðgjörðum hjeradsdómarans, með því að málinu hefur eigi verið skotið til æðri rjettar en dómari þessi hafi álitid það nauðsynlegt þegar í byrjun málsins, og áður en gagnstefna kom fram, að kveðja meðdóms- og áreiðarmenn, og hafi aðalsækjandi, þó það sjáist ekki beinlínis af aðalstefnunni, að hann hafi sjálfur heimtað þetta eða samþykkt það, hvað öðru líður, ekki mótmælt því undir málinu, og virðist því kostnaðurinn er leitt hefur af þessari skipun meðdóms- og áreiðarmanna enganveginn geta álitist aðalsækjanda óviðkomandi.

Með því að jeg verð að fallast á þessa skoðun herra amtmannsins að því, er snertir hina tilkvöddu meðdómsmenn, verða mótmæli kærands gegn atvridunum 2. e. og 6. b., er bæði geta um rjettargjörðir, er viðkoma aðalsókninni, og framkvæmdar hafa verið samkvæmt beiðni aðalsækjanda, og honum því, þar sem málskostnaðurinn hefur fallid niður, ber að borga, eigi tekin til greina.

Hvað þar á móti viðvikur áreiðargjörð þeirri, er farið hefur fram undir málinu, þá hefur henni ekki, þó hennar sje getid í aðalstefnunni, verið framfylgt samkvæmt þessari stefnu, en þar á móti samkvæmt beiðni gagnstefnanda, og stefnu þeirri, er hann hefur tekið út, og verða því gjöldin við þessa gjörð aðalsækjandanum óviðkomandi; og upphæðir þær, er getur um í reikningsatvridunum 3 a, b, og d, að upphæð alls 2 rd. 24 sk. eða 4 kr. 50 aura, er antið hefur úrskurðað, að kærandinn skuli greiða, falla þessvegna burt.

Samkvæmt þessu skal upphæð reiknings þess, sem antið hefur úrskurðað 7. maí þ. á., að skuli vera 23 rd. 12 sk, eða 46 kr. 25 aura, færð niður til 20 rd. 84 sk., eða 41 kr. 75 aur.

Þetta er hjer með tjáð herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda. Fylgiskjölin endursendast.

Brjef landshöfðingja (til stiptsyfirvaldanna).

82
31sta
oktbr.

Með þóknanlegu brjefi 6. f. m. hafa stiptsyfirvöldin sent mjer brjef prestsins í Suðurdala þingum sjera Jakobs Guðmundssonar, er skýrir frá, að nokkrir af sóknarmönnum hans hafi skorast undan að gjalda ljóstoll til hlutaðeigandi kirkju, sökum óvissunnar um, hverjir að lögum sjeu skyldir að svara því gjaldi, og hafa stiptsyfirvöldin, næst því að vísa til úrskurðar, er þau 15. maí 1871¹ hafa fellt um sömu fyrirspurn frá nefndum presti með skýrskotun til, að reglur þær, sem um þetta gildi, sjeu að finna í allrahæstum úrskurði frá 21. maí 1817, skotið því til min, hvort ekki muni rjettast, er hlutaðeigendur ekki vilji una við þetta svar, að leita úrgreiðslu dómstólanna um spurningu þessa.

Jeg skal af þessu tilefni biðja hin heiðruðu stiptsyfirvöld að tjá prestinum sjera Jakob Guðmundssyni að ef nokkur af þeim, sem skylt er að greiða ljóstoll samkvæmt nefndu allrahæstu konungsbrjefi, skorist undan að gegna þeirri skyldu, geti hann leitað dómara aðgjörða um spurninguna, annaðhvort eptir reglunum í opnu brjefi 2. apr. 1841, eða með því að lögsækja hlutaðeiganda eða hlutaðeigendur, og að hann eigi von á að öðlast gjafsókn til þvilikrar málshöfðunar.

1) Í nefndum stiptsyfirvalda úrskurði segir meðal annars svo: „Í því efni er ræglugjörð 17. júlí 1782 hið gildandi lagabod og ljóstollsgreiðslan því ekki bundin við tíund, og þar af leiðir þá, að allir, sem hafa sitt eigið bœrðhald og halda hjú eigi eptir tjedri ræglugjörð að borga heilan ljóstoll, en húsmenn, svo sem hjón, er ekkert vinnfólk hafa, borgi að eins hálfan ljóstoll, þó þessir höldur ekkert tíundi. Einhleypir menn, sem ekkert tíunda, greiða ekki ljóstoll, en tíundi þeir 60 álnir, þá skulu þeir eptir kgsbr. 21. maí 1817 borga hálfanljóstoll“.

Hinn 3. desbr. 1875.